

RANNSÓKNIR Á LANGÁ 1975.

Dagana 31/5 - 1/6 var undirritaður við rafveiðar í Langá á Mýrum. Tilgangurinn með veiðinni var að kanna seiðaástand á hinum ýmsu stöðum í ánni og draga af því ályktanir um seiðasleppingar á þessu vori. Veiddir voru 3 staðir fyrir neðan Sveðjufoss og 3 staðir fyrir ofan fossinn. Helstu niðurstöður eru í töflu 1 og meðfylgjandi línurití.

Í töflunni kemur fram að seiðamagn er yfir 50 stk./100 m<sup>2</sup> á 5 stöðum af 6 sem veiddir voru. Þetta seiðamagn verður að teljast eðlilegt fyrir góða laxveiði~~á~~ og ekki ástæða til að bæta í hana smáseiðum á þessum stöðum. Eini staðurinn sem virðist vera vanhaldinn af laxaseiðum er stöð 6 en þangað er ekki talið að lax gangi enn sem komið er.

Það er athyglisvert eins og kemur fram í töflunni og enn betur á línuritinu að verulegt magn var af seiðum sem klakin hafa verið út veturinn 1974 - 75. Eins og eðlilegt er þá er mest magn af þessum seiðum og síðan minnkar magnið við hvert ár sem líður. Það er greinilegt að gönguseiðin eru að mestu leyti 3 vetur í ánni áður en þau ganga niður.

Varðandi seiðasleppingar verður að teljast eðlilegast að sleppa smáseiðum allanzt fyrir ofan Efri-Kotafoss. Eðlilegasta sleppingin er sumarseiði, eða gönguseiði sem eru örugglega tilbúin til sjávargöngu. Slíkum seiðum ætti að sleppa úr sleppitjörn til að tryggja árangur. Þar sem slík sleppitjörn er ekki til staðar og nokkur óvissa um ástand gönguseiðanna ætti að sleppa þeim fyrir ofan laxgenga hlutann til að forða þeim frá beinni samkeppni við vilt seiði.

TAFLA 1. RAFVEIÐI Í LANGÁ 31/5 - 1/6 1975.

veiðist. nr.	staðsetning	m <sup>2</sup> veiddir	heildar fjöldi laxa	fjöldi 0+ I+	fjöldi I+ II+	fjöldi II+ III+	fjöldi laxa/100 m <sup>2</sup>		fjöldi laxa/100 m <sup>2</sup> er á bilinu
							25% veiðni	33% veiðni	
1	100 metra fyrir ofan Þjóðveginn	200	32	9	10	10	64	48	48 - 64
2	tún 3 km fyrir ofan Jarðlangsstaði	100	22	17	2	3	88	66	66 - 88
3	við Stangarholt	150	42	20	16	6	112	84	84 - 112
4	rétt ofan við bröttu brekkuna	325	77	37	25	13	95	71	71 - 95
5	100 metra ofan við Efri Kotafoss	200	33	15	12	4	66	50	50 - 66
6	nokkuð ofan við ármót	400	5	—	—	—	5	4	4 - 5